



Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 15. maí 2025
2505395/002.01 GG

Efni: Umsögn varðandi kynningarfund um viðhorfskönnun með lýðheilsu- og íþróttanefnd

Boðað var til Teams fundar með lýðheilsu- og íþróttanefnd Kópavogsbæjar til kynningar á fyrirhugaðri viðhorfskönnun meðal foreldra barna í íþróttafélögum í Kópavogi þriðjudaginn 6. maí kl. 16:00.

Fulltrúar nefndarinnar fengu sent fundarboð 30. apríl þar sem þeim var boðið á kynninguna, jafnframt kom fram í póstinum að kynningin væri valkvæð fyrir nefndarmenn þar sem ekki er greitt fyrir mætingu. Ekki var unnt að bíða til næsta fundar lýðheilsu- og íþróttanefndar 22. maí, þar sem það hefði tafið fyrirlögn könnunar fram yfir skólaslit, en stefnan er að senda hana út ca tveimur vikum fyrir skólaslit. Lagt var til við nefndarmenn að breyta fundaáætlun þannig að formlegur fundur yrði 6. maí í stað 28. ágúst. Nefndarmönnum þótti það ekki heppilegt með tilliti til tímalengdar á milli funda, einn fundur á hálfu ári 22. maí til 20. nóvember, og var því horfið frá þeirri hugmynd og ákveðið að hafa kynninguna með þeim hætti sem áður hefur verið nefnt.

Eftirfarandi fulltrúar nefndarinnar mættu á kynninguna:

- Helgi Ólafsson aðalmaður (D)
- Sunna Guðmundsdóttir varaformaður (D)
- Gunnar Gylfason aðalmaður (S)
- Matthías Hjartarson áheyrnarfulltrúi (P)
- Andrés Pétursson áheyrnarfulltrúi (C)

Áður höfðu sviðsstjóri menntasviðs og deildarstjóri íþróttadeildar átt fund með formanni nefndarinnar, Sverri Kára Karlssyni (B), þar sem honum var lauslega kynnt viðhorfskönnunin og að hugmyndin væri að kynna hana á Teams fundi með nefndinni. Formaðurinn samþykkti það.

Á fundinn mættu einnig eftirfarandi embættismenn:

- Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs
- Jakob Sindri Þórsson, sérfræðingur stafrænnar þróunar
- Ævar Ólafsson, rekstrarfulltrúi á greiningardeild
- Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttadeildar.



Jakob Sindri, Ævar og Gunnar mynda teymið sem hefur séð um undirbúning könnunarinnar.

Anna Birna Snæbjörnsdóttir opnaði fundinn með stuttum inngangi. Í framhaldinu fór Ævar Ólafsson í gegnum glærukynningu, þar sem meðal annars var komið inn á tilgang og markmið könnunarinnar ásamt öðru er máli skipti. Að lokinni kynningu fengu fulltrúar nefndarinnar tækifæri til að koma með fyrirspurnir varðandi könnunina.

Á fundinum komu fram góðar fyrirspurnir frá nefndarmönnum og umræður sköpuðust um könnunina. Lýstu allir þeir nefndarmenn sem til máls tóku sig ánægða með þetta framtak, enginn lýsti sig óánægðan eða andvígán því að hún færi fram.

Fundi lauk kl. 16:20

Virðingarfyllst,

Gunnar Guðmundsson
Deildarstjóri íþróttadeildar

